

# SIÐAREGLUR

## FYRIR STARFSFÓLK, SJÁLFBODALIÐA, LEIÐBEINENDUR OG ALLA SEM STARFA Í NAFNI KAPÓLSKU KIRKJUNNAR Á ÍSLANDI.

### SIÐAREGLUR – SAMSKIPTI

#### Inngangur

*Vinnureglur þessar eiga við þá sem starfa innan Kapólsku kirkjunnar á Íslandi hvort sem er við prestsstörf, leiðbeinenda eða sjálfboðaliðastörf eða almenn störf sem unnin eru í þágu Reykjavíkurbiskupsdæmis.*

*Siðareglum þessum er ætlað að vera til stuðnings og viðmiðs fyrir þá sem þiggja eða veita þjónustu Kapólsku kirkjunnar, einnig fyrir þá sem starfa innan kirkjunnar hvort sem er við preststörf, æskulýðsstörf, sálgæslu barna, fullorðinna eða annarra skjólstæðinga kirkjunnar.*

*Hafa ber í huga að starfsfólk Kapólsku kirkjunnar á að vera boðberar fagnaðarerindis Krists og koma fram við alla af kærleika, virðingu, vegsemd, þagmælsku og heiðarleika og ætti að leita þess í starfi og einkalífi að bera því verðugt vitni í orði og verki.*

Ávallt skal stuðla að velferð barna, unglunga og allra annarra og hafa að leiðarljósi það sem þeim er fyrir bestu.

Starfsfólk og sjálfboðaliðar skulu gæta vandvirkni og samvirkusemi auk þess að koma fram af umhyggju, heiðarleika og virðingu gagnvart öllum þeim sem starfað er með eða fyrir. Hafa skal í huga að orð og athafnir samrýmist starfi, umhverfi, stað og stund.

Starfsfólk og sjálfboðaliðar eru fyrirmyndir þátttakenda í starfi og ber að sýna góða hegðun og gott fordæmi jafnt í starfi sem og utan þess.

Stuðla skal að heilbrigðu, uppbyggjandi og vönduðu starfi með þátttakendum innan kirkjunnar.

Starfsfólk og sjálfboðaliðar skulu ekki mismuna neinum með orðum eða hegðun á grundvelli þjóðernis, uppruna, kynþáttar, litarháttar, kyns, aldurs, skoðana, fötlunar, efnahags, ætternis eða stöðu að öðru leyti.

Starfsfólk og sjálfboðaliðar skulu gæta fyllsta trúnaðar og þagmælsku um allt það sem þeir fá vitneskju um í störfum sínum og ber að fara með sem trúnaðarmál. Þagnarskylda á þó aldrei við þegar starfsfólk eða sjálfboðaliðar verða þess áskynja að barn eða aðrir búi við óviðunandi aðstæður, verði fyrir áreitni eða hvers konar ofbeldi eða stofni heilsu sinni og þroska í alvarlega hættu. Mikilvægt er að fylgja reglu ríkis og kirkju, fylgja ákvæðum IV. kafla barnaverndarlaga nr. 80/2002. eða leita til viðeigandi fagaðila.

Öll neysla tóbaks, áfengis eða annarra vímuefna er óheimil í starfi með börnum og unglingum.

Starfsfólk eða sjálfboðaliðar, sem ráðnir eru til að starfa innan Kapólsku kirkjunnar skulu hæfir til þess. Ávallt skal leita eftir samþykki þeirra sem hyggjast hefja störf um leyfi fyrir öflun upplýsinga úr sakaskrá.

Starfsfólk eða sjálfboðaliðar skulu ekki misnota stöðu sína á neinn hátt, svo sem líkamlega, andlega eða kynferðislega þegar kemur að samskiptum við annað fólk eða annað starfsfólk og sjálfboðaliða.

Starfsfólk og sjálfboðaliðar skulu sinna þátttakendum af alúð í starfi en halda sig í faglegri fjarlægð utan viðburða og forðast náið samband. Starfsfólk og sjálfboðaliðar skulu aldrei hafa frumkvæði að samskiptum við þátttakendur nema slíkt sé í tengslum við þátttöku barns, ungmenna eða annara.

Starfsfólk og sjálfboðaliðar skulu aldrei stofna til óviðeigandi sambands við börn og ungmenni sem eru þátttakendur í starfi.

Starfsfólk og sjálfboðaliðar skulu forðast þá aðstöðu að vera ein með þátttakanda.

Aldrei skal stefna heilsu eða öryggi þátttakenda í hættu. Ávallt skal sýna fyllstu aðgát og varkárni í starfi og koma í veg fyrir að börn lendi í aðstæðum sem þau ekki ráða við. Þetta á bæði við um börn og sjálfboðaliða sem ekki hafa náð 18 ára aldri.

Einelti skal aldrei liðið og skal starfsfólk og sjálfboðaliðar leitast við að koma í veg fyrir hvers konar ofbeldi, svo sem andlegt, líkamlegt eða kynferðislegt.

Starfsfólk og sjálfboðaliðar skulu leitast við að eiga góð samskipti við samstarfsfólk og aðra.

Hafa skal í huga að mörk einstaklinga eru mismunandi og ber að virða þau. Varast skal hvers konar snertingar sem gætu leitt til misskilnings í samskiptum við börn, ungmenni og aðra.

Starfsfólk og sjálfboðaliðar skulu huga að ábyrgum rafrænum samskiptum og netnotkun. Forðast skal að eiga samskipti í gegnum síma og samskiptasíður á internetinu nema í tengslum við þátttöku barna í viðburðum eða öðru sem snýr að safnaðarstarfi.

Mæta skal hverjum einstaklingi, hvort sem þar er um að ræða samstarfsmenn, nemendur, foreldrar eða forsjármenn með kærleika Krists, virðingu og auðmýkt.

Virða skal útivistartíma barna og ungmenna sem má finna í 92. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002 í skipulagningu viðburða á vegum Kapólsku kirkjunnar og leita skal leyfis forráðamanna sé um að ræða ferðir á vegum safnaða séu þáttakendur undir 18 ára aldri.

**Útgefið af Biskupstofu, REYKJAVÍKURBISKUPSDÆMIS,  
Landakoti þann 15.08.2019 á**

**STÓRHÁTÍÐ UPPNUMNINGAR MARÍU MEYJAR TIL HIMNA.**

---

